

## SWOT LSE & BÍ

### Styrkur

- Aðkoma að **ákvörðunum** um hagsmuni skógarbænda yrði greiðari innan bændasamfélagsins.
- **Rödd skógarbænda** yrði háværari með kosningarétti félagsmanna á búnaðarþingi.
- Skógarbændur eru **fjölmennir** og gætu haft aukið vægi innan BÍ.
- Sviðsstjóri skógræktar hefur **viðtækari aðkomu** að málum innan BÍ. *T.d. hefur tilkoma LSE á skrifstofur BÍ haft jákvæð áhrif á samstarf við aðrar búgreinar.*
- Bein aðkoma BÍ að verkefni **Kolefnisbrúarinnar** (sem er leitt af skógarbændum (LSE))
- **Hagsmunir skógræktar** munu aukast með aukningu skógræktar. Meðal allra bænda eykst vægi greinarinnar þar sem allir hafa hag af skógrækt.
- Með einni yfirstjórn (skrifstofu) BÍ gefst meiri tími til þess að sinna verkefnum, þar sem t.d. **fjármálum, bókhaldi og heimasíðu** verður sinnt af hálfu BÍ.
- BÍ á í góðum samskiptum við öll ráðuneyti í dag. **Samstarf við atvinnulíf** yrði greiðara og t.d. aðgengi að **styrkjakerfi** yrði greiðari.
- Skógrækt getur verið **samnefni allra brúgreina**.

### Veikleikar

- Mögulega **myndast gjá** milli skógarbænda sem standa innan BÍ og þeirra sem standa utan.
- Hætta á að skógarbændur verði **ekki sameinaðir** í framtíðinni í einum landssamtökum ef gengið er í BÍ.
- Almennur skógarbóndi hefur **enn ekki verulegar tekjur** af skógrækt á sinni jörð þar sem skógrækt er langtímaverkefni.
- Ekki vitað með **framtíðargrunngjaldið** hjá skógarbændum í BÍ
- Ekki víst að skógarbændur hafi **síðasta orðið** í ákvarðanatökum um sín eigin mál. Breyting frá því sem er í dag.
- Aðalfundir skógarbændafélaganna verða **erfiðari í framkvæmd** þar sem reikna má með að hluti félagsmanna hafi ekki atkvæðarétt/kjörrett til þeirra mála sem snúa að BÍ.

### Tækifæri

- Efling þekkingar og samstöðu um **hróður og ágæti skógræktar**. Áhrif skógræktar á aðrar aðildargreinar yrðu meira áberandi með deildarfulltrúa skógabænda.
- Með aðkomu að BÍ má reikna með að **skógrækt** verði **viðurkennd búgrein** og fái slíkan sess innan landbúnaðarráðuneytis.
- Hafa má meiri áhrif á **skipulagssvið sveitafélaga** (aðalskipulög) með breiðri samstöðu bænda.
- Skógarbændur njóta **fríðinda** sem félagsmenn BÍ.
- Með aukinni samstöðu í nafni alls landbúnaðar á Íslandi og betra aðgengi annarra búgreina má ná betur til **sérfræðinga innan landbúnaðarins**.
- Aukin þungi á **kolefnisbindingu** með skógrækt.
- **BÍ eru öflug hagsmunasamtök sem hlustað er á**. Með öflugri hagsmunagæslu er hægt að byggja upp mikla sókn á sviði skógræktar.
- **Aukið samstarf milli Skógræktarinnar og Bændasamtakanna** með aðkomu LSE/skógardeildar inn í Bændasamtökin
- Skógrækt er ung atvinnugrein á Íslandi og gæti nýtt sér reynslu sem er innan annarra búgreina varðandi **þróun og uppbyggingu** greinarinnar.
- Möguleg frekari tækifæri á **alþjóðlegu samstarfi** innan BÍ
- Hlutverk skógræktarfélaganna eiga eftir að aukast
- **Efling landbúnaðar með aðkomu skógræktar/skjólbelta**.
- Skógrækt fái mögulega meira vægi innan **Landbúnaðarháskólans**.

## Ógnanir

- Ef samstaða skógarbænda er dræm og þátttaka þeirra innan BÍ yrði takmarkaðri en fyrir sameiningu má reikna með að **rödd skógarbænda heyrir lægra** innan landbúnaðargeirans.
- Ef LSE stendur utan við BÍ gefur það tilefni til ósamstöðu. Auk þess vinnur BÍ samninga (svo sem **Rammamning**) við ríkið. Standi LSE utan við, er ólíklegt að félagið fái meðbyr frá BÍ. **Óvissa með fjármögnun LSE í kjölfar „sameiningar“**. LSE er með samning út árið 2026.
- Skógarbændafélögin vinna meira án aðkomu „landssamtakanna“
- **Tryggt verði** að þeir sem koma nýir inn, greiði sama gjald og aðrir skógarbændur (15.000kr)
- Hætta á að gjaldskylda verði sett á þjónustu/ráðgjöf, sem **ekki þarf að greiða fyrir í dag**. Fyrirkomulag sem BÍ hefur komið á innan bændastéttarinnar.
- Formaður skógasviðs BÍ **getur ekki** talað fyrir hönd allra skógarbænda á landinu, eins og er í dag.
- **Félagsgjöld há** fyrir stóran hluta skógarbænda. Í sumum tilfellum fer nettó innkoma í félagsgjöld og hjá þeim sem eru að bíða eftir uppskeru (næstu árin eða áratugin) eru félagsgjöldin tekin af rekstrarfé heimilisins.
- Uppbygging nytjaskógræktar á Íslandi hefur átt sér stað með ógnarhraða og mikil eining um uppbygginguna. **Hætta er á að þessi eining** hverfi ef skógarbændur verða ekki lengur undir einum hatti.
- Skógræktin **tekur mögulega** yfir ákveðið forystuhlutverk í nytjaskógrækt af LSE.
- Hætta á að málefni skógarbænda hverfi/lokist inni í stórum samtökum.
- **Lengri leið** fyrir skógarbændur að koma stærri brýnum málum í gegn. *Tillaga skógarbónda til aðalfundar Skógarbændafélags -> aðalfundur skógardeildar BÍ -> stjórn skógardeildar BÍ -> stjórn BÍ -> Búnaðarþing*